

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar vegna Ytri-Skeljabrekku, frístundabyggð og íbúðarbyggð.

Skipulagsstofnun staðfesti 26. maí 2021 breytingu á aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn 8. apríl 2021.

Í breytingunni felst að frístundabyggð F45 er stækkuð og gert ráð fyrir 38 lóðum. Jafnframt er afmarkað íbúðarsvæði Í7 fyrir 3 íbúðarhús sem þegar eru byggð. Fyrir liggur „Ofanflóðahættumat fyrir Ytri-Skeljabrekku“, dags. 7. desember 2018 og tekur breytingin mið af því.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 26. maí 2021.*

F.h. forstjóra,

**Ólafur Árnason.**

—————

B-deild – Útgáfud.: 9. júní 2021